MELASKÓLI

Fyrsti fundur skólaráðs 4. nóvember 2026

Mættir: Harpa skólastjóri, Bjarni Magnússon, Urður Aldís Úlfhildardóttir nemandi, Jóhanna Jakobsdóttir fulltrúi foreldra, Berglind Ingólfsdóttir fulltrúi almenns starfsfólks.

Fundaritari: Björg Melsted aðstoðarskólastjóri

Dagskrá fundar

- **Starfsáætlun**

  Helsta breyting í starfsáætlun er kaflinn um stoðþjónustu Melaskóla. Harpa kynnir nýjan deildarstjóra stoðþjónustu og helstu breytingar sem gerðar hafa verið á uppbyggingu stoðþjónustunnar.

  Teymi í hverjum árgangi sem samanstendur af kennurum, fagfólki og stuðningsfulltrúum vinna saman og funda einu sinni í viku. Arna Vény segir frá samráðsfundum sem ganga vel, þar er farið er yfir hvernig hægt er að skipuleggja kennslu til að koma sem best á móts við alla nemendur. Berglind lýsir einnig ánægju með lausnamiðaða nálgun á samráðsfundum.

  Einstaka nemendur þiggja sérkennslu í námsveri og í sumum tilvikum eru gerðar einstaklingsáætlanir fyrir þá nemendur sem þurfa aðra nálgun eða markvissan stuðning í námi. Sérkennari, í samstarfi við umsjónarkennara og foreldra, setur saman einstaklingsáætlanir.

  Enn er óljóst hvort og þá hvernig skipulagsbreytingar á skóla- og frístundasviði hafa áhrif á innra starf eða skipulag skólans. Allar breytingar líkt og yfirvofandi breytingar á námsmati verða setta inn í starfsáætlun um leið og þær eru komna til framkvæmda.

- **Önnur mál**

  - **Aðgengi**
    Harpa fer yfir verkefni sem ber yfirskriftina ,,Einn inngangur” og varðar aðgengi að skólum í borginni. Aðgengi er mjög gott að langflestum skólum en þeir eru mögulega aðeins of opnir, þegar litið er til öryggi nemenda og starfsfólks. Fyrsta verkefni skólanna er að kortleggja alla innganga og skilgreina einn aðalinngang.

Umræða um myndavélar o.fl. sem tengist öryggi nemenda og starfsfólks. Rætt um merkingar og auðkenni starfsfólks, gesta og þeirra sem eiga erindi í skólana.

- **Húsnæði**
  Spurt um húsnæðið og viðhald þess. Harpa segir frá starfshópi Reykjavíkurborgar sem er að vinna að áætlun um viðhald og endurskipulag húsnæði Melaskóla, sem verður kynnt á næstu vikum.

  Bjarni nefnir að í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar sé tiltekið fjármagn áætlað í viðhald á skólahúsnæði en ekki hvaða skólar það eru.

  Urður nefnir vöntun á lyftu í Gamla skóla og telur slæmt að hreyfihömluð börn geti ekki stundað nám í Melaskóla.

  Harpa segir frá nýlegum endurbótum í Melaskóla sem varða hljóðvist í einni kennslustofu, matsal og hátíðarsal.

- **80 ára afmæli skólans**
  Almenn ánægja er með ný yfirstaðið stórafmæli skólans. Fjöldi fólks heimsótti skólann á opnu húsi á afmælisdaginn.

Niðurstöður

- **Starfsáætlun samþykkt**.

- Eftirfarandi fundarplan samþykkt:
  14. janúar.
  11. mars
  27. maí

- Skólaráð mun setja saman og senda jákvæða hvatningu til Reykjavíkurborgar um áframhaldandi uppbyggingu húsnæðis Melaskóla.

  Fundi slitið